



Nefndasvið Alþingis
B.t. Þórðar Bogasonar
Þórshamri v/ Templarasund
150 REYKJAVÍK

HS/jg

Rvk. 26.01.2000


Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir. Þar er lagt er til að lögfest verði efnislega sama skilgreining á því hvaða aðgerðir ber að skoða sem verkfall í skilningi þeirra laga og er í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þannig að friðarskylda kjarasamninga verði byggð á sömu forsendum.

Tilgangur kjarasamninga er öðrum þræði að tryggja vinnufrið á samningstímanum. Friðarskyldan er óumdeilanlega ein meginforsenda kjarasamninga en í henni felst að aðilum er óheimilt að knýja á um breytingar með verkföllum eða verkbönum á gildistíma kjarasamnings.

Miðað við núverandi réttarstöðu, sbr. dóm Félagsdóms í máli nr. 7/1999, er verulegur munur á friðarskyldu opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði. Þeir síðarnefndu eru bundnir af kjarasamningum sinna félaga. Hinir geta hvenær sem er gripið til sameiginlegra aðgerða til að knýja fram breytingar á samningsniðurstöðu. Þetta er óásættanlegt. Auk þess sem lítil von er til að sátt geti orðið á vinnumarkaði á meðan þannig háttar til.

Samtök atvinnulífsins fagna því þeirri samræmingu reglna sem frumvarpið miðar að og mæla eindregið með samþykkt þess.

F.h. Samtaka atvinnulífsins,


Hrafnhildur Stefánsdóttir